

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1473****2018/EES/25/09**

frá 14. ágúst 2017

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 33. gr. og d-lið 38. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Skrá yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem eru til þess bær að framkvæma eftirlit og gefa út vottorð í þriðju löndum að því er varðar jafngildi er sett fram í IV. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 ⁽²⁾.
- 2) Faggildingarstofan IOAS, faggildingarstofa á sviði lífræns landbúnaðar, upplýsti framkvæmdastjórnina um að hún hafi ákveðið að fella faggildingu Bolicert Ltd tímabundið úr gildi.
- 3) Samkvæmt c-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008 er framkvæmdastjórninni hvenær sem er heimilt að taka færslu eftirlitsaðila í skránni í IV. viðauka við þá reglugerð út tímabundið, annaðhvort í ljósi upplýsinga sem henni hafa borist eða ef eftirlitsaðilinn hefur ekki lagt fram upplýsingar sem krafist er.
- 4) Framkvæmdastjórnin hvatti Bolicert Ltd til að leggja fram gilt faggildingarvottorð og að grípa til viðeigandi og tímanlegra aðgerða til úrbóta, í samræmi við kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 834/2007, en svar barst ekki innan tilskilins frests. Þar til fullnægjandi upplýsingar eru lagðar fram ætti því að taka út tímabundið færsluna fyrir Bolicert Ltd í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008.
- 5) Því ætti að breyta IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Færslan um „Bolicert Ltd“ í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008 falli brott.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. ágúst 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 210, 15.8.2017, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtið. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25).

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1862****2018/EES/25/10****frá 16. október 2017****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 ⁽¹⁾, einkum d-lið 38. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 ⁽²⁾ er kveðið á um frest fyrir eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvöld til að senda inn beiðni sína um viðurkenningu að því er varðar innflutning vara sem uppfylla kröfur í samræmi við 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007. Þar eð framkvæmd ákvæðanna, að því er varðar innflutning vara sem uppfylla kröfur, er enn til athugunar og tengdar leiðbeiningar, fyrirmyndir, spurningalistar og nauðsynleg rafræn gagnasendingarkerfi eru enn í þróun ætti að framlengja frest eftirlitsaðila og eftirlitsyfirvalda til framlagningar á beiðnum.
- 2) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008 komi dagsetningin „31. október 2018“ í stað „31. október 2017“.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 266, 17.10.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjttíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjttíð. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. október 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
